

Nd.

372. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til váttryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Þróun vélbátaútvægsins hneigist ómótmælanlega í þá átt, að auka stærð skipanna, og má því bráðlega búast við því, að þau takmörk, sem sett eru í gildandi lögum um váttryggingu fiskiskipa, hvað stærð þeirra snertir, séu of þröng, enda eru til nokkur fiskiskip hérlendis nú, sem eru að stærð milli þeirra skipa, sem tryggingarheimild váttryggingarfélaganna nær til, og togara og flutningaskipa, eða milli 150 og 250 smál. brúttó, en eru þó hér á landi nær útilokuð frá váttryggingu, nema um algerðan skips-tapa sé að ræða. Er óneitanlega eitthvað bogið við það, að fiskiskipaeigendur þurfi að leita til erlendra váttryggingarfélaga um váttryggingu fiskiskipa sinna sökum þess, að ekki sé hægt að fá þau tryggð í innlendum váttryggingarstofnunum. Slíkt ástand lýsir hvorki þjóðlegum metnaði né sparnaði á erlendum gjaldeyri.

Á það skal bent, að breyting sú, sem hér er farið fram á að gerð sé á gildandi lögum, er aðeins heimild, og ef hún kæmi til framkvæmda, gætu iðgjöld af váttryggingarupphæð þessara skipa orðið samningsatriði milli váttryggingarfélaganna og endurtryggingarfélagsins.

Þess má og geta, að fjórðungsþing fiskideilda Norðlendingafjórðungs, haldið á Akureyri 18.—20. f. m., samþykkti einróma áskorun til Alþingis um að fá heimildar-ákvæði 3. gr. 1. um váttryggingarfélög vélbáta frá 13. jan. 1938 breytt í það horf, sem hér er farið fram á.